




Svo sem getið var í Mbl. í gær var væntanlegt til Hafnarfjarðar stærsta skip, sem komið hefur þangað. Skipið kom í fyrrinótt með tilbúin hús til Keflavíkurflugvallar. (Ljós. Mbl.: Sv. Þ.)

Samningar yfirmanna á kaupskipaflotanum

— Greinargerð frá F.F.S.I.

Á síðastliðnu hausti, eða 1. október sl. runnu samningar kaupskipayfirmanna út. Höfðu yfirmenn þá gert kröfur á hendur stéttarfélagum sínum um betri launakjör. Var þungi mikill í þessum óskum þeirra, er leiddi til þess að stjórnir stéttarfélaganna yfirmanna álitu rétt að láta fara fram fræðilega rannsókn á launakjörum. Fór sú rannsókn fram á vegum Efnahagsmálastofnunarinnar og lá fyrir skýrsla 2.12. 1966.

Í skýrslunni kom fram, að ef samanburður er gerður á almennum kauphækkunum, sem gengið hafa yfir frá 1.6. 1961, kemur í ljós, að yfirmenn vantar 7—12% á hina ýmsu launaflokkanna sína. Þá má geta þess að þrengt hefur verið mjög að, með nýrri tollalöggjöf og til sjómanna dregið stórléga úr hlunnindum, sem jafnan hefur verið vitnað til, af hendi útgerða í samningaviðræðum á umliðnum árum, að væri kaupþótt, sem ekki mætti líta framhjá. Rétt er einnig að vekja athygli á því, að með svonefndu næturvaktalági landmanna, kom veruleg skekkja fram í kaupsamanburði farmanna við hliðstæðar stéttir á landi. Vaktaalagið kom inn í

samninga opinberra starfsmanna fyrst fyrir 12 árum og hefur sífellt farið hækkandi. Á sama tíma hafa farmenn gert kröfu til þessara kaupþóttanna, sem nú nema um 25% af kaupi. Telja farmenn kröfu þessa réttmæta, í fyrsta lagi vegna þess að meginþorri skyldra stétta á landi hafa vaktaalag.

Í öðru lagi vinna farmenn á öllum tímum sólarhringsins. Í þriðja lagi eru farmenn langdvölum að heiman og hafa því ekki möguleika til aukatekna. Þá hafa farmenn gert mjög ákveðnar kröfur til að fá alla ótekna frídaga greidda með næturvinnukaupi, en þeir eru nú aðeins greiddir með einföldu dagkaupi, sem þekkist ekki hjá neinni stétt hérlandis í dag.

Uppistaðan í upphaflegum kröfum farmanna var því þessi: 1. 7—12% kaupmismunurinn yrði jafnaður, 2. 25% vaktaalag komi á föst mánaðarlaun, 3. óteknir frítagar verði greiddir með 90% álági.

Eftir viðræður við ríkisstjórnina og ósk hennar að stilla kröfum í hof, með tilliti til alvarlegs ástands í þjóðfélaginu, féllumst við á að fresta aðgerðum,

ef 5 liðir yrðu uppfylltir, en þeir voru:

1. Tryggð yrði 1 klst. yfirvinnugreiðsla á dag.
2. Nýliðar í starfi fengju að byrja á hæstu launum í sínum flokki.
3. 7% orlof yrði greitt á alla yfirvinnu.
4. Agreiningssatriði samninga yrði jöfnuð.
5. Nefnd skipuð er tæki til atvinnu laun farmanna, og á hvern hátt mætti tryggja þeim kaup, við hliðstæðar stéttir á landi.

Útgerðirnar gengu að 4. lið, sögðu algjört nei við 1. og 2. lið, veittu loðin svör við 3. og 5. lið og á því stóð yfir verkfall í þrjár vikur. Viðkomandi stéttarfélag yfirmanna lýsa yfir undrun og vonbrigðum yfir því úrreðaleysi, sem ríkisstjórnin sýndi í þessu máli.

Sömu stéttarfélag yfirmanna lýsa einnig yfir andúð sinni á bráðabirgðalögum ríkisstjórnarinnar og telja þau freklegt ofbeldi gagnvart vinnulöggjöfinni, auk þess, sem eftirleikurinn hlýtur að harðna all verulega, er losnar um samninga á komanda hausti.

Á mjög fjölmennum fundi viðkomandi kaupskipayfirmanna var eftirfarandi tillaga samþykkt, en hún sýnir betur en mörgu orð, ástandið á skipunum og vonbrigðin með hin óvæntu lög ríkisstjórnarinnar.

Sameiginlegur fundur Vélstjórnfélags Íslands, Stýrimannafélags Íslands og Félags íslenskra loftskreytamanna, samþykkir að verkfall það, sem bannað er í dag 16/6, 1967, með bráðabirgðalögum hefjist að nýju frá þeim degi, er lögin falla úr gildi, ef eigi hafa tekið samningar fyrir þann tíma.

Jafnframt fordæmir fundurinn framkomu ríkisvaldsins í þessari kjaradeilu.

Ófeigur Eiríksson skipaður bæjarfógeti á Akureyri

Í fréttatilkynningu, sem blaðinu barst í gær frá Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, segir á þessa leið:

Um embætti bæjarfógeta á Akureyri og sýslumanns Eyjafjarðarsýslu sóttu Ófeigur Eiríksson, bæjarfógeti, Neskaupstað og Sigurður M. Helgason, aðalfulltrúi, Akureyri.

Forseti Íslands hefur í dag veitt Ófeigi Eiríkssyni embætti bæjarfógeta á Akureyri og sýslumanns Eyjafjarðarsýslu frá 1. október nk. að telja.

Ófeigur Eiríksson er fæddur 14. ágúst 1927 að Breiðagerði í

Morgunblaðið AUGLÝSINGAR SÍMI 22.4.80

Kosið í stjórn Bókmenntafélagsins

Stjórnarkosning hefur að undanförnu staðið yfir í Hinu íslenska bókmenntafélagi og stendur enn. Frestur til að skila atkvæðaseðlum er til loka júnímánaðar og er ástæða til að benda mönnum á að neyta atkvæðaréttar síns fyrir þann tíma.

Bókmenntafélagið átti 150 ára afmæli fyrir skemmstu og minnt ist þess með afmælissýningu. Nýlega er Skirnir kominn út, þar sem minnst er afmælissins, svo og mikil efnisskrá, sérprentuð yfir allt efni Skirnis frá upphafi. Forseti félagsins er nú Einar Ólafur Sveinsson, prófessor.

13 síldarskip með 2.229 lestir

Í GÆR bárust Mbl. eftirfarandi upplýsingar frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna um síldveiði í fyrrinótt.

Gott veður var á síldarmiðunum. Veiðisvæðið var 90 málur SSA af Jan Mayen eða 270—280 málur NA að A frá Raufarhöfn.

Samtals 13 skip með 2.229 lestir.

Raufarhöfn:

Gjafir VE 130 lestir, Jörundur II RE 300, Örn RE 290, Arnar RE 180, Guðrún GK 100, Auðunn GK 80, Höfrungur III AK 180, Víkingur III IS 130, Arnfirðingur RE 130, Hrafn Sveinbj. GK 220, Sig. Jónsson SU 180, Áspór RE 130.

Dalatangi:

Börkur NK 240 lestir.



Ófeigur Eiríksson

STAKSTEINAR

Framsókn og samvinnuhreyfingin

Í kosningabaráttunni spunnust nokkrar umræður um samband Framsóknarflokksins við samvinnuhreyfinguna vegna Fáskrúðsfjarðarhneykslinsins, sem upp kom í miðri kosningabaráttunni.

Í framhaldi af því er fróðlegt að fletta því tölublaði Timans sem út kom 17. júní sl. Það er barmafullt af auglýsingum frá kaupfélögum og samvinnufyrirtækjum hvaðanæva af landinu. Nú er samvinnufélagum, sem öðrum að sjálfsögðu heimilt að auglýsa hvar sem þeim sýnist. En það hefur tíðkast um margra ára skeið að Timinn hefur við og við birt heil blöð, sem eru lítið annað en auglýsingar frá kaupfélögum og hið sama má segja um ýmis blöð, sem Framsóknarflokkurinn gefur út víða um landið. Þessi staðreynd er ihugunarefni fyrir þá, sem ef til vill hafa átt erfitt með að trúa því að Framsóknarflokkurinn misnoti samvinnuhreyfinguna.

Frelsið og sjálfstæðið

Í forustugrein kommúnistablaðsins í gær segir svo: „Banda ríkin hafa, eitt stórvelda heims, átt í sífelldum hernaðaráttökum síðan annarri heimsstyrjöldinni lauk, þar á meðal stórstyrjöldum eins og í Kóreu og nú í Vietnam. Bandaríkin hafa leynit og ljóst hlutast til um málefni fjölmargra þjóða í öllum heimsálfum, steypt ríkisstjórnun með hernaðarhlutunum...“ Þessi orð nægja til þess að lýsa efni forustugreinar þjóðviljans í gær. Þar er ekki minnst einu orði á þá staðreynd að kommúnistar hófu Kóreustyrjöldina og að Sameinuðu þjóðirnar komu varnarlárus þjóð þar til hjálpar. Styrjöldin í Kóreu gegn kommúnistum var háð undir fánum Sameinuðu þjóðanna. Ekki er á það minnst að kommúnistar hófu styrjöldina í Vietnam og hlutur Bandaríkjamanna þar er sá að koma smáþjóð til hjálpar gegn ofbeldi alheimskommúnismans. Ekki er minnst einu orði á uppreisn verkamanna í Berlín 17. júní 1953, sem bæld var niður með skriðdrekum Rússa. Ekki er minnst á uppreisnina í Ungverjalandi 1956, sem var barin niður með sovétu vopnavaldi eftir að grið höfðu verið rofin. Ekki er minnst einu orði á uppreisnina í Poznan 1956, sem einnig var barin niður í skjóli Rauða hersins. Ekki er minnst á valdarán kommúnista í Tékkó slóvakíu, eyðingu þeirra á þjóðunum í Eystrasaltslöndunum. Ekki er minnst einu orði á þá staðreynd að Sovétríkið og alheimskommúnisminn hafa allt frá stríðslokum róði undir alls staðar í heiminum og höfðu nærri steypt heiminum út í nýja stórstyrjöld vegna Kúbu 1962. Um allt þetta er þagað. Frelsi og sjálfstæði eru innantóm slagorð ef frjálsar þjóðir lyppast niður gagnvart slíku ofbeldi. Frelsi og sjálfstæði íslensku þjóðarinnar væri fánýtt ef menn á borð við Magnús Kjartansson og Einar Olgeirsson hefðu komist til einhverra áhrifa í íslensku þjóðfélagi. En íslenska þjóðin hefur borið gæfu til að afþakka forsjá slíkra manna. Og helztu fulltrúa ofbeldisafslagna í austri væri sámar að þegja um það sem hann kallar ofbeldisverk annarra og líta fremur í barn sinna herra. Þar sér hann í hnöskurn undirrót nær allra þeirra átaka sem orðið hafa í heiminum síðustu tvo áratugi.

Fjölbreytt listsýning í Hallveigarstöðum

MARGT manna hefur þegar skoðað listsýningu kvenna að Hallveigarstöðum. En sýningin var opnuð sl. mánudag í tilefni af því að lokið er nú smíði og innréttingu Hallveigarstaða. Á þessari sýningu eru rúmlega 50 verk, eftir 27 konur, höggmyndir, málverk, vefnaður og leirmyndir.

Þessar konur eiga verk á sýningunni:

Erla Ísleifsdóttir, Gerður Helgadóttir, Gunnfríður Jónsdóttir, Melitta Urbancic, Nina

Sæmundsson, Ólöf Pálsdóttir, Þorbjörg Pálsdóttir, Barbara Árnason, Eyborg Guðmundsdóttir, Gréta Björnsson, Guðmunda Andrésdóttir, Helga Weiss-happel, Ingibjörg Eggerz, Júlíana Sveinsdóttir, Jutta Guðbrandsson, Karen Agneta Þórðarson, Kristín Jónsdóttir, Louise Matthíasson, Matthea Jónsdóttir, Nina Tryggvadóttir, Ragnheiður Jónsdóttir, Ream, Ragnheiður Jónsdóttir, Sólvieg E. Pétursdóttir, Ásgerður Ester Búadóttir, Vigdís Krísjánsdóttir, Hedi Guðmundsson og Steinunn Mart einsdóttir.

Ólöf Pálsdóttir myndhöggvari og Guðmuunda Andrésdóttir listmálari sáu um uppsetningu sýningarinnar fyrir kvennasamtökin, er að Hallveigarstöðum standa.

Sýningin er opin dag hvern til 30. júní kl. 2—10 síðdegis.

21 verk selzt

SÝNINGU Kristjáns Inga Einarssonar á málverkum og höggmyndum, sem opnuð var í Iðnskólanum 10. þ.m., lýkur n.k. sunnudag kl. 10 e.h. 500 gestir hafa séð sýninguna, 12 málverk hafa selzt og 9 höggmyndir.